

Eva Björk Valdimarsdóttir

Aðeins um mig

Ég er prestur í Fossvogsprestakalli. Starfaði áður sem héraðsprestur í Reykjavíkurrófastsdæmi vestra og með því með prestri innflytjenda og hælisleitenda. Vígðist til þjónustu í Keflavíkurkirkju árið 2015. Var þar áður framkvæmdastjóri Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar og hef einnig verið formaður sambandsins.



Ég er með BA próf í sálfræði frá Háskóla Íslands auk Cand theol prófs úr guðfræðideild H. Þegar ég var í námi í sálfræði kenndi ég tölfraði og aðferðafræði og hef unnið hjá tölfraði og rannsóknarþjónustu Skóla og frístundasviðs Reykjavíkur. Eftir sálfræðinámið vann ég sem sérfræðingur hjá Barnahúsi og síðar hjá Forvarnardeild Lögreglunnar í Reykjavík.

Reynsla af kirkjuþingi

Á síðasta kjörtímabili var ég fyrsti varmaður í 1. kjördæmi vígðra, Reykjavíkurkjördæmi. Þá kom ég tvisvar sinnum inn á þingið sem varmaður.

Ég hef unnið að stefnu Þjóðkirkjunnar í málefnum innflytjenda og fólks á flóttu ásamt starfsnefnd um þau málefni og sit um þessar mundir í vinnuhóp kirkjunnar um aðstoð við flóttafólk frá Úkraínu.

Á síðasta ári fór fram stefnumótun kirkjunnar þar sem rúmlega 100 manns tóku þátt í fundi. Þar var rætt hvaða starfsemi eigi að einkenna Þjóðkirkjuna í framtíðinni og hver væri mikilvægustu verkefni hennar á næstu árum. Niðurstaða þessarar vinnu voru sjö forgangsmál og þar voru efst á blaði barna- og æskulýðsstarf og samskiptamál Þjóðkirkjunnar. Skipaðar voru nefndir til þess að vinna að stefnu í þessum málum og sat ég í nefnd sem mótaði stefnu í barna- og æskulýðsmálum sem kynnt var á kirkjuþingi síðastliðið haust.

Nefndin fékk mikið lof fyrir vinnu sína og tillögur. Lagt var til nýtt skipurit þar sem Þjóðkirkjan tekur ábyrgð og leggur til fé til barna- og æskulýðsmála, en lætur þá ábyrgð ekki aðeins vera í höndum sókna landsins. Sóknir kirkjunnar hafa úr takmörkuðu fé að spila og stundum jafnvel engu fé þegar rekstur húsnæðis er þungur eða sóknin lítil. Núverandi skipulag er því ekki farvegur fyrir stöðugleika í þessu starfi sem er afar slæmt fyrir þiggjendur starfsins sem og þau sem sinna því.

Niðurstaða kirkjuþings í haust var samt sem áður að ekki væri tímabært að ráðast í þessar breytingar og ekki væri til fjármagn til þess að setja í hennar helsta áherslumál.

Málamiðlun náðist í vor og var það samþykkt að hluta en það er ljóst að meiri reynsla og þekking af barna og æskulýðsmálum er nauðsynleg á kirkjuþing.

Áherslumál

Barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar. Á að vera starf sem unnið er af metnaði og á faglegum grunni. Starf sem um leið byggir upp safnaðarstarf, er fléttað inn í safnaðarstarfið og í góðum tengslum við það. Starf þar sem fullorðið fólk ber ábyrgð á starfinu og vinnur hjá kirkjunni, annað hvort hjá söfnuðinum eða Þjóðkirkjunni. Fólk verði ráðið sem launþegar með öll þau réttindi og skyldur sem því fylgja.

Tölfræði og rannsóknir. Að kirkjan nýti sér þá þekkingu sem hægt er að öðlast með eigindlegum og meginindlegum rannsóknaraðferðum. Komist til dæmis að því af hverju traust til hennar er að minnka og hvað þarf að gera til þess að byggja upp traust fólks aftur.

Ábyrg meðferð fjármuna. Að kirkjan hætti að ráðast í verkefni sem enda hvergi. Hafi virkt eftirlit með verkefnum og nefndum sem eru á ábyrgð hennar. Setji fjármuni fyrst og fremst í grasrótastarf og grunnþjónustu.

Góð samskipti og ábyrgur málflutningur. Þetta ætti að segja sig sjálft en þarf samt að nefna því miður. Betri samskipti og ábyrgan málflutning á kirkjuþing, takk.

Þið elskuðu, elskum hvert annað því að kærleikurinn er frá Guði kominn og hver sem elskar er barn Guðs og þekkir Guð. 8 Sá sem ekki elskar þekkir ekki Guð því að Guð er kærleikur. (1Jóh. 4.7-8)